

★ Áður en til færni- og heilsumats kemur þarf að tryggja að öll hugsanleg stuðningsúrræði hafi verið reynd

★ Áður en til færni- og heilsumats kemur þarf að tryggja að greiningarvinna, meðferð og endurhæfing séu fullreynd, ekki síst vegna heilabilunar.

Færni og heilsumat (FoH) á LSH

Aðrar deildir LSH

Útskriftarteymi LSH ber ábyrgð á gerð FoH fyrir sjúklinga >67 ára utan öldrunarlækningadeilda á Landakoti

Útskriftarteymi í samvinnu við sjúkling, aðstandendur og starfsfólk viðkomandi deildir vinnur markvisst að útskriftarmálum skjólstæðinga sinna og hefur áætlaðan útskriftardag sem markmið.

Ávallt skal ganga út frá lægsta þjónustustigi sem sjúklingur getur nýtt sér.

Ef áætlaður útskriftardagur getur ekki staðist þrátt fyrir fulla endurhæfingu og þrautreynd úrræði í nærumhverfi, ber að hefja FoH.

Ekki lofa biðplássi fyrr en FoH liggur fyrir

Ábyrgt teymi hefur samvinnu um gerð FoH. Því skal lokið innan 72 tíma.

Ef FoH er synjað, þá fara næstu viðbrögð eftir ástæðu synjunar.

Ef FoH er samþykkt þá þarf að gera eftirfarandi:

Ganga úr skugga um að sjúklingur geti ekki beðið annars staðar en á LSH. Endurmetið vikulega

Gera sjúklingi og aðstandendum grein fyrir því hvað felst í að biða á LSH eftir varanlegri vistun. Afhenda bréf þaraðlútandi og skrá afhendingu þess í Sögu.

Kynna Vífilsstaði sem biðpláss ef skilmerki eru uppfyllt (ekki alvarlegar atferlistruflanir, óstöðugt ástand.

Félagsráðgjafi/útskriftarteymi aðstoðar sjúkling og fjölskyldu við að velja 4 vistunarkosti innan 72 tíma frá því FoH er samþykkt. Ekki samþykkt að velja færri en 3 staði.

Ganga þarf úr skugga um að fólk skuldbindi sig til að taka plássi sem býðst á vistunarstað sem það hefur tilgreint.

Biðlisti LSH eftir hjúkrunarrýmum er uppfærður vikulega hjá flæðisdeild.

Öldrunarlækningadeildir á Landakoti

Innan 48 tíma frá innlögn á Landakot eru gerð meðferðarmarkmið og áætlaður útskriftardagur. Þetta er skráð í Sögu.

Markmið og útskriftardagar eru endurskoðuð vikulega og breytingar skráðar í Sögu.

Ef áætlaður útskriftardagur getur ekki staðist þrátt fyrir fulla endurhæfingu og þrautreynd úrræði í nærumhverfi ber að hefja FoH.

Sjúklingar með endurhæfingarmöguleika hafa að öllu jöfnu forgang á Landakot. Þeir sem eru með FoH í vinnslu eiga að ljúka því ferli á heimadeild og þeir sem fá FoH flytjast á Vífilsstaði eða vistast beint frá deild.